

og einnig fjarverandi á ferðalagi í júlímánuði og síðan mjög önn-
um kafinn við margvísleg embættisstörf, og er þetta ersökin til
þess að dómsuppsögnin hefur dregist.

Mánudaginn 10. maí.

Nr. 16/1919.

Valdimar Thorarensen
f. h. **Sæmundsen, Lübbers & Co.**
gegn
Birni Lindal

um skaðabætur út af vanefndum sölusamnings.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu og
Akureyrarkaupstaðar 21. september 1918: Máls-
aðiljar eiga bæði í aðalmáli og gagnsök hvor af annars kröfum
sýknir að vera.

Málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök. Gagn-
stefnandi Björn Lindal greiði 40 kr. sekt og aðalstefnandi Valdimar
Thorarensen 20 kr. sekt, hvor um sig fyrir ósæmilegan rithátt,
og eiga hin framangreindu móðgunaryrði, er þeir hafa haft hvor
um annan, dauð og marklaus að vera.

Sektarákvæði dómsins að fullnægja lögum samkvæmt.

Dómur hæstarjettar.

Eins og mál þetta er lagt fyrir hæstarjett, kem-
ur að eins til álita skaðabótakrafa áfrýjanda á hend-
ur stefnda, Birni Lindal yfirrjettarmálaflutnings-
manni á Akureyri. Hafði stefndi, svo sem tekið er
fram í hinum áfrýjaða dómi, falið firmanu Carl Sæ-
mundsen & Co. í Kaupmannahöfn með umbodi, dags.
1. júní 1915, að selja 1500 tonnur síldar, er afhend-
ast áttu í sept—okt. þá um haustið gegn 25 aura
verði hvert kg., cif í Bergen, og var það jafnframt

áskilið í umboðinu, að kaupandi skyldi setja bankatryggingu fyrir kaupverðinu innan 30 júní.

Síld þessa seldi C. Sæmundsen & Co. firmanu Sæmundsen, Lübbers & Co í Hamborg með kaupsamningi dags. í Kaupmannahöfn 14. júní. Var síldin seld cif í Kaupmannahöfn, skyldi afhendast kaupanda í ágúst—september og bankatrygging sett C. Sæmundsen & Co.

Þess er getið í kaupsamningnum milli nefndra firmna, að C. Sæmundsen & Co. selji síldina í nafni stefnda. Og það er bert í málinu, að Carl Sæmundsen er meðeigandi beggja firmna og að hann hafi haft rjett til að rita einn hvort firmað um sig

Með því að salan til Sæmundsen, Lübbers & Co. fór fram með að mun óhagstæðari kjörum en áskilin voru í söluumboðinu, þá getur hún eigi bundið stefnda; enda var stefnda eigi sett áskilin bankatrygging innan tilskilins tíma, og áfrýjanda hefir eigi tekist að sanna það, gegn neitun stefnda, að hann hafi sent stefnda tilkynningu um söluna innan hæfilegs tíma, auk þess sem stefndi að gefnu tilefni frá C. Sæmundsen & Co. ljet nefnt firma vita það, að hann teldi sig eigi bundinn við söluna vegna vanefnda á skilmálunum í umboðinu.

Með þessum athugasemdum, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, er að þessu lúta, ber að sýkna stefnda og staðfesta dóminn að þessu leyti. Málskostnaðarákvæði og sektaákvæði dómsins samþykkjast einnig, þó svo að helmingur sekta renni í rikissjóð og helmingur í bæjarsjóð Akureyrar. Það þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 300 kr.

Það er athugavert, að hjeraðsdómarinn hefir eigi

getið ritlauna á dómsgjörðunum, að þær að eins eru stimplaðar með 50 aura merki og að málið hefir legið undir dómi frá 8. júní til 21. sept. 1918, án þess að drátturinn sje nægilega rjettlættur; svo vantar og ákvæði um aðfararfrest í dóminn.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn staðfestist, þó svo að dæmdar sektir renna að hálfu í rikissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Akureyrar.

Áfrýjandi, Valdimar Thorarensen fyrir hönd Sæmundsen, Lübbers & Co., greiði stefnda, Birni Línal, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir málaflutningsmaður Valdimar Thorarensen fyrir hönd firmans Sæmundsen, Lübbers & Co. í Hamburg höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun gegn kaupmanni og útgerðarmanni Birni Línal á Akureyri með aukarjettarstefnu dags. 25. janúar 1916. Hefir stefnandinn krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 50962 krónur með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til þess greitt verður, og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist að verða dæmdur sýkn af þessum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eftir mati rjettarins.

Jafnframt hefir stefndur Björn Línal að undangenginni árangurslausri sáttatilraun hafið gagnsókn gegn aðalstefnanda með aukarjettarstefnu dags. 8. mars 1916 og í gagnsökinni krafist þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer 31012 kr. 66 au. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu annaðhvort eftir reikningi eða eftir rjettarins mati.

Gagnstefndur hefir hinsvegar krafist sýknunar í gagnsökinni

og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað í gagnsök að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eftir rjettarins mati.

Tildrögin til aðalsakar og málavextir eru þeir, er hjer skal greina.

Með skjali dags. 1. júní 1915, rjskj. nr. 28, gaf stefndur í aðalsök firmanu Carl Sæmundsen & Co. umboð til þess að selja fyrir sig 1500—2000 fullpakkaðar tunnur af sild cif Bergen fyrir minst 25 aura hvert kílógr., og átti sildin að útskipast í september—október það ár. Eru í umboðinu sett ýms skilyrði fyrir, að sala megi fara fram, þar á meðal að kaupandi innan 30. júní setji nægilega bankatryggingu fyrir kaupverðinu, er greiðast skyldi að helmingi að útskipun lokinni hjer á landi, en að helmingi í Bergen gegn afhendingu farmskírteinis.

Samkvæmt umboði þessu selur svo firmað Carl Sæmunden & Co. fyrir hönd aðalstefnds firmanu Sæmundsen, Lübbers & Co. sild þessa, 1500 tunnur, og er um söluna gerður skriflegur kaupsamningur í Kaupmannahöfn þ. 14. júní 1915, er lagður hefir verið fram í málinu í frumriti, rjskj. nr. 41.

Aðalstefndur fullnægði ekki þessum samningi, afhenti ekki hina seldu sild, og hefir stefnandi höfðað mál þetta út af því og krafist sem skaðabóta verðhækkunarinnar á síldinni til septemberloka frá kaupverðinu, en þá verðhækkun eða þann verðmismun telur hann vera 50962 kr.

Varnarskjöl aðalstefnds gefa tilefni til að taka það nú þegar fram, að fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, að firmað Sæmundsen, Lübbers & Co. hafi verið til, er sölu-samningurinn var gerður, enda getur aðalstefndur ekki bygt sýknun sína á ekki tilveru þessa firma, jafnframt því, sem hann leggur fram og byggir gagnsókn sína á samningi, er hann sjálfur hefir gert við firmað. Hins vegar er það upplýst, að Carl Sæmundsen, sem er aðalmaðurinn í firmanu Carl Sæmundsen & Co., sje einnig meðeigandi firmans Sæmundsen, Lübbers & Co. og að hann hafi rjett til að rita það. En aftur á móti bræstur sönnun fyrir því, að sami maður hafi undirritað kaupsamninginn bæði fyrir hönd seljanda og kaupanda. Og þar sem hið gagnstæða er ekki sannað, verður einnig að ganga út frá, að kaupsamningurinn 14. júní 1915 hafi verið gjörður þann dag, er skjalið greinir, og að hann hafi verið undirritaður af þeim fyrir hönd beggja firmanna, er bærir voru til þess.

Verður aðalstefndur því ekki sýknaður af þeirri ástæðu, að sölusamningurinn sje ógildur fyrir neinar þær sakir, er nú hafa verið nefndar.

Þá hefir aðalstefndur fært það sjer til sýknunar, að kaupsamningurinn sje og hafi frá byrjun verið ógildur gagnvart sjer, vegna þess að ekki hafi verið fullnægt skilyrði því, er hann hefði sett, og af því að samningurinn i verulegum atriðum fari í bága við söluumbod sitt, enda sjer ekki verið tilkynt salan eða innihald samningsins í tæka tíð. Í því efni verður rjetturinn að fallast á að niðurlag söluumbodsins verði að skilja svo, að það hafi verið skilyrði af hálfu aðalstefnds, að honum sjálfum, en ekki öðrum fyrir 30. júní 1915 yrði sett bankatrygging fyrir greiðslu kaupverðs sildarinnar, og til að fullnægja því útheimtist bindandi loford banka að greiða stefndum peningana, er hann af sinni hálfu hefði uppfyllt söluskilyrðin. En þessu var ekki fullnægt. Að visu hafði Sæmundsen, Lübbers & Co. sett Sæmundsen & Co. 40000 kr. tryggingu i útbúi Íslansbanka á Akureyri til greiðslu á kaupverði sildarinnar, en trygging þessi var ekki yfirfærð til aðalstefnds, og hann fjeck fyrst eftir 30. júní óljósa tilkynningu um, að peningar þessir væru ætlaðir honum.

En auk þess fer sölusamningurinn i öðrum atriðum i bága við söluumbod stefnds. Þannig er sildin sold cif København i stað þess að hana mátti að eins selja cif Bergen, helmingur kaupverðsins átti að greiðast i Kaupmannahöfn i stað þess að aðalstefndur hafði áskilið greiðslu i Bergen, afhendingartími sildarinnar er i kaupsamningnum ákvæðinn ágúst—september i stað þess að aðalstefndur hafði áskilið sjer afhendingu i sept.—október, og loks eru ákvæðin i kaupsamningnum um afleiðingar af „vis major“ óhagstæðari aðalstefndum, en hann hafði áskilið sjer i umboðinu. Alt eru þetta veruleg afbrigði frá skilmálum söluumbodsins, og er enginn efi á því, að stefndur hafði rjett til að rifta samningnum. En spurningin verður þá hvort aðalstefndur hafi samkvæmt 32. gr. hinna almennu viðskiftalaga fyrirgert rjetti sínum til að rifta kaupin, með því ekki að tilkynna á rjettum tíma að hann rifti þeim, eða með því að láta annað ógert, er þurfti til að ógilda kaupin.

Sækjandi hefir haldið því fram, að svo sje. Hefir hann því til stuðnings staðhæft að aðalstefndur hafi fyrir 30. júní fengið tilkynningu um að sildin væri sold og trygging sett fyrir greiðslu hennar, því til sönnunar hefir hann lagt fram eftirrit af sím-

skeyti, er hann segir að Carl Sæmundsen hafi sent aðalstefndum og Hallgrími Davíðssyni frá Bergen þann 20. júní 1515. rjskj. nr. 4, en í skeyti þessu er sagt að kaupandi hafi sett skeytissendanda tryggingu í Kaupmannahöfn, er hann, o: skeytissendandi verði að yfirfæra. En skeyti þetta getur ekki um að sala á hinni umræddu síld hafi farið fram, nje um hvaða tryggingu sje að ræða.

Og stefnandi hefir ætlað að fá það sannað með vottorði frá ritsímastöðinni í Bergen, að skeyti þetta hafi verið sent þaðan, en þegar beðið var um vottorð þetta, var búið að eyðileggja öll símskeyti, er send höfðu verið frá ritsímastöðinni í Bergen um þetta leyti, og gat því ritsímastöðin ekkert vottað um hvort skeytið hefði verið sent eða ekki. Og hins vegar má álita það upplýst með framlögðu vottorði símastöðvarstjórans á Akureyri, að skeyti þetta hvorki hafi komið til aðalstefnds nje til Hallgríms Davíðssonar, og virðist því mega telja það víst, að aðalstefndur hafi ekki fengið það og hafi ekki fyrir lok júnímánaðar 1915 verið búinn að fá neina tilkynningu eða vitneskju um sölna.

Hinsvegar er í málinu lagt fram sem rjskj. nr. 13 eftirrit af símskeyti, er Carl Sæmundsen & Co. á að hafa sent 5. júlí umboðsmanni sínum á Akureyri, þess efnis, að 40000 krónum skuli ráðstafað til tryggingar fyrir greiðslu til aðalstefnds á andvirði 1500 tunna síldar. Umboðsmaður Carl Sæmundsen & Co. á Akureyri var staddur á Blönduósi, er skeyti þetta kom og honum sent það þangað. Þaðan símar hann 9. júlí útbúi Íslandsbanka á Akureyri í samræmi við þetta, og biður um, að það sje tilkynt aðalstefndum. Forstjóri útbúsins átti svo tal um þetta við aðalstefndan, en um það viðtal er ekkert upplýst annað en það, sem aðalstefndur hefir kannast við, að Carl Sæmundsen & Co. hefði fengið heimild til að fá 40000 króna lán í bankanum, er ætlaðar væru aðalstefndum til greiðslu á andvirði síldar, en í þessu fólst ekki nein tilkynning um að sala á hinum hjer umræddu 1500 tunnum síldar hefði farið fram, enda hafði heimildin til þessa 40000 kr. láns verið útveguð Carl Sæmundsen & Co. af þeim, er ekki verður sjæð, að neitt sje við mál þetta riðinn, og hefir það því ekki með rökum verið hrakið, er aðalstefndur hefir haldið fram, að hann hafi álitid að trygging þessi stæði í sambandi við greiðslu á andvirði þeirra 1000 tn. af síld, er aðalstefndur sjálfur hafi selt Sæmundsen, Lübbes & Co., og gagnsök máls þessa ræðir um. Yfir höfuð að tala hefir aðalstefnandi ekki gegn mótmælum aðalstefnds fært sönnur á að aðalstefndur hafi fengið vit-

neskju eða tilkynningu um, að sala umræddra 1500 tunna af sild hefði farið fram, fyr en hann meðtók símskeyti dags. 23. sept., er lagt hefir verið fram eftirrit af sem rískj. nr. 17. En í símskeyti þessu segir Sæmundsen & Co., að sjer hafi verið tilkynt að aðalstefndur neiti að láta seldar 1500 tonnur af hendi og spyr hvers vegna hann geri það. Þessu skeyti svarar aðalstefndur með símskeyti 9. okóber, að hann ekki viðurkenni neina sölu af því skilmálum hafi ekki verið fullnægt, og er þetta skeyti einnig svar við öðru símskeyti, er Sæmundsen & Co. hafði símað aðalstefndum 4. okt. og aðvarað hann um, að afhendingartíminn væri liðinn og spurt hvenær hann ætlaði að afhenda hinar eif seldu 1500 tonnur; loks má enn fremur álíta það upplýst, að aðalstefndur hafi ekki sjeð kaupsamninginn frá 10. júní 1915 fyr en hann var lagður fram undir rekstri máls þessa, og að honum þar af leiðandi hafi til þess tíma verið ókunnugt um innihald hans og að hve miklu leyti hann var frábrugðinn söluumboðinu og hlaut honum þá einnig að vera ókunnugt um hverjum og hvert senda átti síldina og hvenær hana átti að afhenda.

Að öllu þessu athuguðu virðist aðalstefndum ekki verða gefið það að sök, að hann ekki tilkynti um riftinguna af sinni hálfu öðru visi og fyr en hann gerði, og heldur ekki getur það orðið honum til dómsáfellis, að hafa vanrækt að leita upplýsinga hjá umboðsmanni sínum um það, hvort söluumboðið hefði verið notað, þar sem það var tímabundið og skilyrði, er það var sett, ekki var fullnægt innan ákveðins tíma. En af þessu, svo og af því að sölusamningurinn, eins og áður hefir sagt verið, í verulegum atriðum fer í bága við söluumboðið, leiðir það, að aðalstefndur er ekki skaðabótaskyldur í máli þessu, og ber því að sýkna hann af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Í gagnsökinni eru málavextir þeir, er hjer segir.

Með samningi dags. 1. maí 1915 seldi gagnstefnandi gagnstefndum 1000 tonnur af sild fullpakkaðar fyrir 20 aura kílógr. „frítt um borð“ og skyldi kaupandi taka síldina í ágústmánudi sama ár og greiða andvirðið gegn afhendingu útskipunarskilríkja. Gagnstefndur vitjaði ekki sildarinnar í ágústmánudi eins og áskilið var, heldur ljét hann fyrst taka hana í öndverðum októbermánudi s. á. Afhenti gagnstefnandi þá síldina og fjekk andvirði hennar greitt ásamt vöxtum af því daga þá, er liðið höfðu frá því síldin átti að afhendast, og ennfremur plássleigu og kostnað við geymsluna. En jafnframt því sem gagnstefnandi

afhenti sildina og útskipunarskilríkin, afhenti hann umboðsmanni gagnstefnds reikning yfir upphæð kaupverðsins með áföllnum kostnaði, og hafði gagnstefnandi ritað á reikninginn, að hann áskildi sjer rjett til að krefjast þess markaðsverðs, sem afhendingardaginn var á sild sakir þess að sildin hefði hvorki verið tekin nje borguð í ákveðinn tíma. Það má álíta að umboðsmaður gagnstefnds hafi tekið við reikningi þessum, en því er ekki haldið fram af gagnstefnanda, að hann hafi lofað að greiða meira fyrir sildina en umsamið var, og heldur ekki á annan hátt upplýst, að hann hafi lofað þessu.

Hefir nú gagnstefnandi höfðað mál þetta til þess að fá verðmismun sildarinnar greiddan. Telur hann markaðsverð sildarinnar á afhendingardegi hafa verið 54 a. pr. kílógr. og verður þá mismunurinn milli kaupverðs hinnar seldu sildar og markaðsverðs hennar að viðbættum vöxtum til sáttakærudags 31012 kr. 66. a., er hann krefst dóms fyrir. Því er ekki mótmælt í málinu að gagnstefndur hafi hvorki látið veita sildinni móttöku nje greitt andvirði hennar á áskildum tíma og ekki fyr en í októbermánuði.

Eru þessar vanefndir á kaupsamningnum svo verulegar, að gagnstefnandi hefði getað riftað samningnum af sinni hálfu, en þetta gat hann þó því að eins gert samkvæmt 32. gr. hinna almennu viðskiftalaga, að hann gerði það þegar í stað að liðnum hinum umsamda afhendingartíma eða áður en gagnstefndi ljét vitja sildarinnar og tilkynti gagnstefndum það. En ekkert er fram komið í málinu, er bendir til þess að gagnstefnandi hafi gert þetta. Og þar sem gagnstefnandi ekki riftaði samningnum þegar í stað, misti hann rjett sinn til að rifta kaupin og þá um leið allan rjett til að krefjast hærri verðs fyrir hana en áskilið var í samningnum, og var honum þá óheimilt að gjöra nokkurn fyrirvara við afhending sildarinnar, annan en þann að fá greiddan kostnað við geymslu hinnar seldu vöru og vexti af kaupverðinu þann tíma, er dregist hafði að greiða það fram yfir afhendingartíma, en hvorttveggja þetta hefir gagnstefndur greitt.

Það verður því ekki sjðð, að gagnstefnandi eigi neina skaðabótakröfu á hendur gagnstefndum fyrir þetta, og ber því að sýkna gagnstefnda í gagnsökiinni.

Eftir atvikum þykir rjett að láta málskostnað falla niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Í einu af varnar- og gagnsóknarskjölum sínum hefir gagnstefnandi farið þeim orðum um aðalstefnanda, að sorglegt sje að

slíkum mönnum sem honum, „óeðfestum, ábyrgðarlausum og tilfinningarlausum misindismönnum, sem engan greinarmun virðast kunna á sannleik og lygi“, sje leyft að fást við málafærslu hjer á landi. Þessi móðgandi ummæli ber að dæma dauð og marklaus, og verður jafnframt að sekta gagnstefnanda fyrir þennan ósæmilega rithátt. Ákveðst sektin 40 kr. Aðalstefnandi hefir einnig í sóknarskjölum sínum farið ýmsum óviðeigandi og litilsvirðandi orðum um aðalstefndan, svo sem þeim, að „athæfi aðalstefnds hafi verið miður fagurt og sannast að segja ilt, að starfsemi hans sje negativ og samsvari gáfnafor hans og þekkingu á öllum sviðum, er aðalstefnanda sjeu kunn“.

Þessi og önnur litilsvirðandi og móðgandi ummæli um aðalstefndan ber einnig að dæma dauð og marklaus, og sekta stefnanda fyrir þau. Ákveðst sektin honum til handa 20 kr. Báðar sektirnar renni að hálfu leyti í landssjóð en að helmingi í fátækra-sjóð Akureyrarkaupstaðar.

Nr. 65/1919

Gunnlaugur Magnússon

gegn

Þóru Sigurbjörgu Jónsdóttir

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Barðastrandarsýslu 25. mars. 1919. Gunnlaugur Magnússon á Vatneyri á, sem faðir barnsins Óli Sigurjón, er stúlkan Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir Geirseyri fæddi hinn 5. júní 1917 og hlaut nafnið Óli Sigurjón, að greiða árlegt meðlag með því, samkvæmt yfirvalds úrskurði. Svo greiði hann og kostnað af málssókn þessari með krónum 12,00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt skýrslum málsins, þótt fremur ófullkomnar sjeu, er eigi loku fyrir það skotið, að áfrýjandinn geti verið faðir barns þess, Óla Sigurjóns, er